

Greinargerð með tillögunni um sex liða keppni

Helsta breytingin sem lögð er til, er að sex lið tefli tvöfalda umferð í efstu deild í stað tíu liða sem tefla einfalda umferð eins og er í dag.

Kosturinn við sex liða efstu deild er að sveitirnar verða jafnari að styrkleika sem þýðir fleiri spennandi viðureignir, fleiri jafnari skákir og meiri spennu í toppi og botni deildarinnar. Einnig aukast áfangamöguleikar mikið við þessa breytingu. Bæði nýttast titilhafar tvöfalt fyrir hvern og einn áfangaveiðara (tvöföld umferð) og svo myndast möguleikar á áfanga í 2-9 umferð og 1-10 umferð til viðbótar við núverandi 1-9 umferða áfanga.

Önnur stór breyting er að lagt er til að teflt verði á þrem helgum í efstu deild í stað tveggja eins og núverandi skáklög gera ráð fyrir.

Fimmtudagsumferðirnar eru þyrnir í augum margra skákmanna í dag. Skákmenn í fullri vinnu á föstudeginum treysta sér oft ekki til að tefla bæði á fimmtudeginum og föstudeginum. Einnig er nokkuð mikið álag að tefla svona margar skákir og svona þétt yfir eina helgi. Afleiðing þessa eru meiri sveiflur í liðunum og þær geta verið að mæta missterkar á milli umferða. Okkur lýst best á að önnur og þriðja helgin verði tefldar sitthvoru megin við Reykjavíkurskákmótið ár hvert ef þess er kostur.

Þriðja stóra breytingin er að leyfa einungis einn útlending í stað tveggja.

Kostnaðurinn við útlendinga er stærsti kostnaðarliðurinn í Íslandsmóti skákfélaga. Vissulega krydda útlendingarnir keppnina, en þeir eru yfirleytt að tefla við hvern annan og það má gera ýmislegt við þann pening sem sparast við fækkun úr tveim í einn.

Svo koma ýmsar smávægilegar breytingar:

Efsta deild heiti Úrvalsdeild

Okkur finnst það við hæfi að efsta deildin fái nafnið Úrvalsdeild.

Ekki verði settar hömlur á þátttöku útlendinga sem eru stigalægri en 2300 FIDE stig.

Okkur finnst engin ástæða til að takmarka stigalægri útlendinga. Þeir eru ekki að fara að vinna keppnina fyrir neitt lið og þeir krydda einungis keppnina og þetta allar deildir.

Samræming í orðalagi, þannig að talað sé um lið félags sem er allur keppendalisti þess, en hins vegar talað um sveitir þegar fjallað er um keppniseiningar félagsins.

Sjálfsgagt að laga þetta.

19. og 20. greinum breytt til að gera þær skýrari og betri.

Þar sem núna er teflt á þrem helgum í efstu deild þá er farið úr því að tala um 20 dögum fyrir "síðari hluta" þegar kemur að félagaskiptum eftir að keppni hefst, í að einfaldlega tala um að skákmaður verði löglegur með liði 20 dögum eftir félagaskipti.

Málsgreinin um fjölda útlendinga er færð úr grein 20 í 19. Hún á betur heima þar. Ný málsgrein sem kveður á um að skila inn nýjum styrkleikaröðuðum lista ef félag fær liðstyrk á miðju tímabili.

Ný grein nr 21 sem tekur á því þegar lið sameinast eða sundrast. Núverandi 22.-23.grein færast aftur um eina.

Nauðsynlegt að setja inn lagagrein um þetta í ljósi undangenginna sameininga á síðustu stundu. Einnig verðum við að gera ráð fyrir því að lið sem hefur sameinast sundrist aftur.

Ákvæðið um svæðasamböndin færð í þessa nýju grein úr grein 17.

23.grein – gamla 22.grein:

Lagfærður ruglingur á milli mótstjórnar og mótsnefndar.

Gerðar breytingar á Reglugerðinni um Íslandsmót skákfélaga til samræmis við ný skáklög.

Víða breytt þar sem talað var um lið í að tala um sveitir.

Lagt er til að allar breytingarnar taki gildi strax næsta vetur, nema hvað myndun nýju sex-liða efstu deildarinnar verði eftir þá keppni.

Bretingar eins og að fjölga helgunum í þrjár, fækkun útlendinga, efsta deild sem Úrvalsdeild, eru til bóta og engin ástæða til að láta þær ekki taka gildi strax næsta vetur.